

# Fjárhagsáætlun 2022

## Greinargerð sveitarstjóra lögð fram við síðari umræðu í sveitarstjórn miðvikudaginn 15. desember 2021

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar fyrir árið 2022 er hér lögð fram til seinni umræðu ásamt þriggja ára áætlun fyrir árin 2023-2025. Fjárhagsáætlunin er sett fram í samræmi við 62. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, fyrir A-hluta og samantekinn reikning fyrir A- og B-hluta. Í A-hluta er aðalsjóður auk eignasjóða. Í B-hluta eru veitustofnanir, hafnarsjóður, félagslegar íbúðir, Tímatákn ehf og Eyvindarstaðaheiði ehf. Áætlunin sýnir rekstraráætlun, áætlaðan efnahagsreikning og sjóðsstreymi fyrir sveitarfélagið og stofnanir þess. Forsendur þessarar fjárhagsáætlunar er líkt og liðin ár að sýna aðhald og hagkvæmni í rekstri samhliða því að standa vörð um þá þjónustu sem veitt er.

Helstu niðurstöðutölur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2022 eru þær að A- og B-hluti saman, eða samstæðan í heild sinni, skilar jákvæðri afkomu upp á 86 m.kr. og veltufé frá rekstri er áætlað 544 m.kr., á meðan A-hluti er áætlaður með rekstrarhalla upp á 95 m.kr. en veltufé frá rekstri upp á 249 m.kr.


Eins og sjá má af þessum tölum er lagt upp með talsvert hagfelldari afkomu á næsta ári heldur gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 en rekstur sveitarfélagsins hefur verið krefjandi á liðnum misserum vegna m.a. áhrifa heimsfaraldurs Covid-19 veirunnar. Sem kunnugt er varð Sveitarfélagið Skagafjörður jafnframt við hvatningu ríkisins um að ráðast í auknar fjárfestingar á árinu 2021 en Alþingi tryggði sveitarfélögum landsins svigrúm til að ráðast í slíkar fjárfestingar og mæta aðsteðjandi vanda í rekstri vegna þeirra áhrifa sem kórónaveirufaraldurinn hefur haft á íslenskt efnahagslíf. Þannig var sveitarfélögum með lagabreytingu fyrr á þessu ári veitt heimild til að víkja frá skulda- og jafnvægisreglu sveitarstjórnarlaga til ársins 2025.

Þetta fríar okkur þó ekki frá þeirri ábyrgð að gæta áfram aðhalds í rekstri sveitarfélagsins á komandi árum og nýta tækifæri til hagræðinga eftir því sem kostur gefst.

Fagnefndir sveitarfélagsins ásamt byggðarráði og starfsmönnum unnu mikið starf í undirbúningi þessarar fjárhagsáætlunar og skoðuðu alla fjárhagslega þætti í rekstri sveitarfélagsins. Mikilvægt er að samvinna verði áfram eins og verið hefur meðal allra sem málið snertir í þeirri viðleitni að ná fram þeim markmiðum sem eru sett í áætluninni.

Jafnframt voru haldnir íbúafundir með eilítið breyttu sniði sökum samkomutakmarkana í aðdraganda þessarar fjárhagsáætlunar en íbúum var einnig boðið að koma sínum áherslum á framfæri varðandi þjónustu, framkvæmdir, viðhald og rekstur sveitarfélagsins í gegnum samráðsvefinn Betra Ísland. Samráð sem þetta er að mínu mati mikilvægt og hjálpar okkur öllum við að móta áherslur fjárhagsáætlunar hverju sinni.

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 er sem fyrr segir gert ráð jákvæðri afkomu á rekstri samstæðunnar á meðan A-hluti sveitarfélagsins verður rekinn með halla. Í þriggja ára áætlun er gert ráð fyrir að halli verði á samstæðunni árið 2023 en afgangur verði á rekstri hennar á árunum 2024-2025.



Þá er gert ráð fyrir að rekstur A-hluta batni jafnt og þétt á næstu árum en mikilvægt er að ná slíkum viðsnúningi í rekstri sem fyrst því það á að vera markmið hvers sveitarfélags að haga fjárhagsáætlun þannig að rekstrargjöld séu fjármögnuð.

## Helstu forsendur áætlunar:

Forsendur fjárhagsáætlunar Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2022 og þriggja ára áætlunar 2023-2025 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands. Þar er gert ráð fyrir að meðalverðbólga á árinu 2022 verði **3,3%** og að launavísitala verði **4,8%**.

Þá er einnig stuðst við áætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga um áætlaða staðgreiðslu fyrir tekjuárið 2022. Reiknað er með lítt breyttu atvinnustigi á árinu 2022 en þjóðhagsspá Hagstofu Íslands spáir því að atvinnuleysi haldist áfram nokkuð hærra en við eigum að venjast sé litið til landsins alls eða úr 5,3,8% á árinu 2022 og niður í 4,8% árið 2023. Atvinnuleysi er þó að ganga hraðar niður frá því sem fyrri þjóðhagsspár sögðu til um. Miðað er við að útsvarshlutfall fyrir árið 2022 verði óbreytt á milli ára, þ.e. **14,52%** af útsvarsstofni, með þeirri hækkun sem kveðið er á um í lögum um tekjustofna sveitarfélaga á grundvelli samkomulags ríkis og sveitarfélaga um yfirfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga.

Gert er ráð fyrir að tekjur frá Jöfnunarsjóði verði samkvæmt útgefnum áætlunum hans. Fasteignaskattsprósentur breytast ekki á milli ára en prósentu A-skatts var lækkuð nokkuð á árinu 2021.

Gert er ráð fyrir 3,5% almennum gjaldskrárhækkunum hjá stofnunum sveitarfélagsins sem er í takt við áætlaða hækkun vísitölu neysluverðs en nokkuð undir áætluðum launahækkunum næsta árs.

## Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands 2020-2025

| Tafla 1.                                  | 2020        | 2021       | 2022       | 2023       | 2024       | 2025       |
|---|-------------|------------|------------|------------|------------|------------|
| Einkaneysla                               | -3,0        | 3,8        | 4,9        | 3,2        | 2,7        | 2,6        |
| Samneysla                                 | 4,5         | 2,4        | 1,3        | 1,2        | 0,9        | 0,4        |
| Fjármunamyndun                            | -8,7        | 11,9       | -3,2       | 4,7        | 1,5        | 3,0        |
| Atvinnuvegafjárfesting                    | -14,1       | 19,4       | -6,9       | 4,8        | 3,1        | 3,7        |
| Fjárfesting í íbúðarhúsnæði               | 1,2         | -8,4       | 4,9        | 8,7        | 3,5        | 3,3        |
| Fjárfesting hins opinbera                 | -5,2        | 19,8       | -1,4       | -1,0       | -6,8       | 0,4        |
| <b>Þjóðarútgjöld, alls</b>                | <b>-2,2</b> | <b>4,8</b> | <b>2,3</b> | <b>2,9</b> | <b>1,9</b> | <b>2,1</b> |
| Útflutningur vöru og þjónustu             | -30,2       | 14,9       | 18,9       | 6,0        | 4,6        | 3,2        |
| Innflutningur vöru og þjónustu            | -22,5       | 17,4       | 10,9       | 6,5        | 4,0        | 2,9        |
| <b>Verg lands framleiðsla (hagvöxtur)</b> | <b>-6,5</b> | <b>3,9</b> | <b>5,3</b> | <b>2,8</b> | <b>2,3</b> | <b>2,3</b> |
| <b>Atvinnuleysi, % af vinnuafli</b>       | <b>6,4</b>  | <b>6,5</b> | <b>5,3</b> | <b>4,8</b> | <b>4,5</b> | <b>4,2</b> |
| <b>Vísitala neysluverðs (verðbólga)</b>   | <b>2,8</b>  | <b>4,4</b> | <b>3,3</b> | <b>2,6</b> | <b>2,5</b> | <b>2,5</b> |
| Kaupmáttur launa                          | 3,4         | 3,4        | 1,5        | 1,5        | 1,7        | 1,7        |
| <b>Launavísitala</b>                      | <b>6,3</b>  | <b>7,9</b> | <b>4,8</b> | <b>4,1</b> | <b>4,2</b> | <b>4,2</b> |

Heimild: Hagstofa Íslands

## Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011


Ein meginforsenda fjárhagaáætlana sveitarfélaga er að þær skuli unnar með hliðsjón af fjármálareglum og fjárhagslegum viðmiðum sveitarfélaga sem sett voru í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og með síðari breytingum, en þau tóku gildi í upphafi árs 2012. Í 64. gr. sveitarstjórnarlaga ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Til að fullnægja þessari skyldu er sveitarfélögum gert að fylgja eftirfarandi fjármálareglum:

- 1) **Jafnvægisregla:** Samanlögð heildarútgjöld samstæðu séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.
- 2) **Skuldaregla:** Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. megi ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Við útreikning á skuldahlutfalli má undanskilja tekjur og skuldbindingar veitu- og orkufyrirtækja sem og að heimilt er að draga frá hluta lífeyrisskuldbindingar.

Fyrir á þessu ári var þessum ákvæðum þó vikið til hliðar til og með ársins 2025 sem hluti af aðgerðum til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs Covid-19.

Hjá Sveitarfélaginu Skagafirði er skuldahlutfall heildarskulda og skuldbindinga áætlað 123,7% á árinu 2022. Þegar búið er að undanskilja það sem heimilt er frá skuldum og skuldbindingum er skuldaviðmiðið 101,1%.

| Tekjur:                           | A- og B-hluti  |                |                |                |                |
|-----------------------------------|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|
|                                   | Áætlun<br>2021 | Áætlun<br>2022 | Áætlun<br>2023 | Áætlun<br>2024 | Áætlun<br>2025 |
| Skatttekjur                       | 3.091.424      | 3.327.763      | 3.480.083      | 3.598.895      | 3.721.992      |
| Framlög Jöfnunarsjóðs             | 1.559.901      | 1.634.165      | 1.654.899      | 1.721.095      | 1.789.939      |
| Aðrar tekjur                      | 1.756.012      | 1.862.313      | 1.837.361      | 1.883.296      | 1.930.378      |
| Millifærslutekjur                 | 1.064.529      | 1.158.698      | 1.038.966      | 1.063.326      | 1.089.909      |
| Heildartekjur                     | 7.471.866      | 7.982.939      | 8.011.309      | 8.266.612      | 8.532.218      |
| <b>Skuldir og skuldbindingar:</b> |                |                |                |                |                |
| Skuldir og skuldbindingar         | 6.067.733      | 8.439.802      | 8.582.391      | 8.745.886      | 8.924.224      |
| Lífeyrisskuldbinding              | 1.166.900      | 1.403.901      | 1.497.439      | 1.595.478      | 1.693.516      |
| <b>Skuldahlutfall:</b>            | 103,10%        | 123,67%        | 123,09%        | 121,42%        | 119,91%        |
| <b>Skuldaviðmið:</b>              | 82,30%         | 101,10%        | 102,35%        | 102,60%        | 100,37%        |



# Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar fyrir árið 2022

## Rekstur:

Áætlun ársins 2022 gerir ráð fyrir að rekstrartekjur Sveitarfélagsins Skagafjarðar nemi **6.824 m.kr.** hjá samstæðunni í heild, A- og B-hluta, þar af eru rekstrartekjur A hluta áætlaðar **5.921 m.kr.** Rekstrargjöld án fjármagnsliða eru áætluð **6.496 m.kr.**, þar af A-hluti **5.805 m.kr.** Rekstrarhagnaður (EBITDA) A- og B-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði er áætlaður **571 m.kr.** eða 8,4%. Afskriftir nema **243 m.kr.** og fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur nema **242 m.kr.** Rekstrarafgangur samstæðunnar í heild A- og B-hluta er áætlaður samtals **86 m.kr.**

Rekstrarhagnaður A-hluta fyrir afskriftir og fjármagnsliði er áætlaður **264 m.kr.** Afskriftir nema **148 m.kr.** Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur nema **211 m.kr.** Rekstrarniðurstaða A-hluta sveitarsjóðs er því áætluð neikvæð um **95 m.kr.**

## Efnahagur:

Eignir Sveitarfélagsins Skagafjarðar eru áætlaðar í árslok 2022, **11.696 m.kr.**, þar af eru eignir A-hluta **8.723 m.kr.** Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar í árslok **8.440 m.kr.** Þar af hjá A-hluta **7.158 m.kr.** Eigið fé er áætlað **3.256 m.kr.** hjá samstæðunni og eiginfjárhlutfall **27,84%**. Eigið fé A-hluta er áætlað **1.565 m.kr.** og eiginfjárhlutfall **17,94%**. Ný lántaka er áætluð **570 m.kr.** hjá samstæðunni í heild og afborganir eldri lána og skuldbindinga verða **572 m.kr.** Reiknaðar lífeyrisskuldbindingar eru **1.481 m.kr.** hjá samstæðu og þar af **1.351 m.kr.** hjá A-hluta.

## Sjóðstreymisýfirlit:

Áætlunin gerir ráð fyrir að veltufé frá rekstri A-hluta verði **249 m.kr.** og frá rekstri samstæðunnar A- og B-hluta verði það **544 m.kr.** Þá er gert er ráð fyrir að handbært fé samstæðunnar í árslok verði **199 m.kr.**


Gert ráð fyrir að sveitarsjóður og undirfyrirtæki fjárfesti á árinu 2022 fyrir **1.200 m.kr.** brúttó eða **635 m.kr.** nettó ef frá eru talin framlög frá ríki vegna hlutdeildar í hafnarframkvæmdum, Menningarsetri Skagfirðinga í Varmahlíð vegna hönnunar og framkvæmda við Varmahlíðarskóla, og Kaupfélagi Skagfirðinga vegna framlaga til samfélagslegra verkefna. Er um að ræða talsverða aukningu fjárfestinga á milli ára þótt fjárfestingar ársins 2021 hafi einnig verið miklar. Stærsta einstaka fjárfestingaverkefnið á næsta ári er framhald framkvæmda við Sundlaug Sauðárkróks, en aðrar stórar fjárfestingar eru fyrirhugaðar framkvæmdir við húsnæði Varmahlíðarskóla, mestu framkvæmdir við gatnagerð í Skagafirði um margra ára skeið en þar eru stórir áfangar á Sauðárkróki og í Varmahlíð, miklar framkvæmdir við hafnirnar á Sauðárkróki og Hofsósi, áframhaldandi borun vegna hitaholu í Varmahlíð, stækkun eldra stígs leikskólans Ársala, fullkomin endurgerð leikskólalóðar á Hólum í Hjaltadal, lok hönnunar nýs íþróttahúss á Hofsósi og upphaf jarðvegsframkvæmda þeirrar byggingar, og hönnun og útboðsgögn fyrir menningarhús á Sauðárkróki.

Með auknum fjárfestingum á árinu 2022 er horft til styrkingar innviða samfélagsins þannig að stuðlað verði að áframhaldandi eflingu þess og fjölgun íbúa.


## Bróun tekna:

Undanfarin ár hafa tekjur hjá sveitarfélaginu ekki haldið í við verðlagshækkanir að öllu leiti og liggur það fyrst og fremst í lækkuðum framlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, utan málefna fatlaðs fólks. Aðrar skatttekjur hafa aftur á móti heldur lagast m.t.t. þessa þáttar.

## Skatttekjur 2011–2022



## Framlög Jöfnunarsjóðs 2011–2022 (án framlaga vegna málefna fatlaðs fólks)



## Almenn útgjöld

### Launakostnaður

Launakostnaður er áætlaður samtals **4.189 m.kr.** á árinu 2022 og er það 9,8% hækkun frá áætlun ársins 2021.

Á árinu 2022 er gert ráð fyrir að afborganir vegna lífeyrisskuldbindinga nemi **77 m.kr.** og hækkun skuldbindinganna verði **124 m.kr.** frá árinu 2021.

### Rekstur málaflokka:

Eins og áður taka fræðslu- og uppeldismálin til sín langstærstan hluta skatttekna í áætlun ársins. Málaflokkurinn tekur til sín hlutfallslega lægra hlutfall á árinu 2022 en á yfirstandandi ári eða 47,3% á móti 48,6% í fjárhagsáætlun fyrir árið 2021. Þetta hlutfall var þó talsvert lægra árin 2019 og 2020 eins og sjá má í töflu hér á eftir sem sýnir þróun málaflokka sem hlutfall af skatttekjum. Jafnframt ber að hafa í huga að frá og með árinu 2017 hafa tekjur frá Jöfnunarsjóði vegna málefna fatlaðs fólks verið taldar með skatttekjum. Áður voru þessi framlög tekjufærð innan málaflokks 02-félagsmál. Hefur þessi breyting áhrif á allan samanburð þegar verið er að skoða hlutfall rekstrarkostnaðar af skatttekjum. Einnig er rétt að hafa í huga að hlutfallsprósentan breytist eftir því hvort aðalsjóður skilar afgangi eða er rekinn í halla.

Næststærsti málaflokkurinn er félagsmál sem taka til sín um 20% af skatttekjum en þar er hlutfallsleg breyting óveruleg á milli ára. Hlutfall þriðja stærsta málaflokksins, æskulýðs- og íþróttamála, eykst lítillega á milli ára, úr 11% í 11,7%. Breytingar í öðrum málaflokkum eru óverulegar eða innan við hálfprósentustig til og frá hjá hverjum og einum þeirra.

Í fjárhagsáætlun ársins 2022 er gert ráð fyrir að samstarf sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um sameiginlegt þjónustusvæði um þjónustu við fatlað fólk haldi áfram. Í samstarfinu felst að Sveitarfélagið Skagafjörður er leiðandi sveitarfélag sem veitir fötluðu fólki, sem á lögheimili í aðildarsveitarfélögunum, þjónustu eins og nánar er kveðið um í samningi og samkvæmt lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, á starfssvæðinu. Þetta þýðir að allar tekjur frá Jöfnunarsjóði sem ætlaðar eru til þessa málaflokks sem og 0,25% af útsvarsstofni sveitarfélaga á svæðinu, renna til Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Því miður er fjarri því að gert sé ráð fyrir að tekjur frá ríki og sveitarfélögum dekki allan kostnað við samninginn sem aftur leiðir til þess að útgjöld við málaflokkinn hækka. Er staða málefna fatlaðs fólks grafalvarleg á landsvísu og ljóst að styrkja þarf tekjustofna þar verulega eigi ekki illa að fara í rekstri margra sveitarfélaga.

| Rekstur málaflokka             |                   |                   |                    |                   |       |
|--------------------------------|-------------------|-------------------|--------------------|-------------------|-------|
| <b>Aðalsjóður:</b>             |                   |                   |                    |                   |       |
| Skatttekjur                    | -4.961.928        |                   |                    | <b>-4.961.928</b> |       |
|                                | <b>Tekjur</b>     | <b>Launaliðir</b> | <b>Aðrir liðir</b> |                   |       |
| Félagsþjónusta                 | -241.442          | 912.173           | 369.759            | <b>1.040.490</b>  | 21,0% |
| Heilbrigðismál                 |                   |                   | 10.093             | <b>10.093</b>     | 0,2%  |
| Fræðslu- og uppeldismál        | -349.558          | 1.932.960         | 762.257            | <b>2.345.660</b>  | 47,3% |
| Menningarmál                   | -90.564           | 137.140           | 151.374            | <b>197.950</b>    | 4,0%  |
| Æskulýðs- og íþróttamál        | -147.912          | 292.202           | 438.101            | <b>582.391</b>    | 11,7% |
| Brunamál og almannavarnir      | -54.166           | 113.144           | 48.172             | <b>107.151</b>    | 2,2%  |
| Hreinlætismál                  | -102.967          |                   | 127.750            | <b>24.783</b>     | 0,5%  |
| Skipulags- og byggingamál      | -10.934           | 58.430            | 37.175             | <b>84.671</b>     | 1,7%  |
| Umferðar- og samgöngumál       | -5.000            | 779               | 161.637            | <b>157.416</b>    | 3,2%  |
| Umhverfismál                   | -6.934            | 56.540            | 69.742             | <b>119.348</b>    | 2,4%  |
| Atvinnumál                     | -16.057           | 43.745            | 75.625             | <b>103.313</b>    | 2,1%  |
| Sameiginlegur kostnaður        | -51.086           | 227.128           | 155.945            | <b>331.987</b>    | 6,7%  |
| Lífeyrisskuldbinding           |                   | 82.001            |                    | <b>82.001</b>     | 1,7%  |
| Óvenjurlegir liðir             |                   |                   |                    | <b>0</b>          | 0,0%  |
| Fjármagnsliðir                 |                   |                   | -24.997            | <b>-24.997</b>    | -0,5% |
|                                | <b>-6.038.548</b> | <b>3.856.242</b>  | <b>2.382.633</b>   | <b>200.329</b>    |       |
| <b>Aðrir sjóðir í A-hluta:</b> |                   |                   |                    |                   |       |
|                                | <b>Tekjur</b>     | <b>Launaliðir</b> | <b>Aðrir liðir</b> |                   |       |
| Eignasjóður                    | -904.063          | 91.598            | 707.392            | <b>-105.074</b>   |       |
| Millifærslur                   | 1.021.930         |                   | -1.021.930         |                   |       |
|                                | <b>117.867</b>    | <b>91.598</b>     | <b>-314.538</b>    | <b>-105.074</b>   |       |
| <b>Sveitarsjóður A-hluti</b>   |                   |                   |                    |                   |       |
|                                | <b>-5.920.681</b> | <b>3.947.840</b>  | <b>2.068.095</b>   | <b>95.256</b>     |       |
| <b>Sjóðir í B-hluta</b>        |                   |                   |                    |                   |       |
|                                | <b>Tekjur</b>     | <b>Launaliðir</b> | <b>Aðrir liðir</b> |                   |       |
| Félagsíþúðir Skagafjarðar      | -87.136           |                   | 56.771             | <b>-30.365</b>    |       |
| Fráveita                       | -122.083          | 15.288            | 44.826             | <b>-61.969</b>    |       |
| Hafnarsjóður Skagafjarðar      | -193.851          | 67.209            | 85.847             | <b>-40.795</b>    |       |
| Tímatákn ehf.                  | -7.245            | 80                | 6.727              | <b>-438</b>       |       |
| Hitaveita                      | -515.478          | 156.580           | 334.304            | <b>-24.594</b>    |       |
| Vatnsveita                     | -110.911          | 1.265             | 86.527             | <b>-23.119</b>    |       |
| Sjóveita                       | -1.085            | 0                 | 3.045              | <b>1.960</b>      |       |
| Eyvindarstaðaheiði ehf         | -2.538            | 580               | 341                | <b>-1.617</b>     |       |
| Millifærslur                   | 136.769           |                   | -136.769           |                   |       |
| <b>Samtals B-hluti</b>         | <b>-903.558</b>   | <b>241.002</b>    | <b>481.619</b>     | <b>-180.937</b>   |       |
| <b>Samantekið A + B hluti</b>  |                   |                   |                    |                   |       |
|                                | <b>-6.824.239</b> | <b>4.188.842</b>  | <b>2.549.715</b>   | <b>-85.680</b>    |       |



## Þróun málaflokka sem hlutfall af skatttekjum:

| Málaflokkar      | 2010  | 2011  | 2012   | 2013   | 2014  | 2015  | 2016  | 2017  | 2018  | 2019  | 2020  | 2021  | 2022  |
|------------------|-------|-------|--------|--------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|
| Félagsmál        | 5,6%  | 6,1%  | 6,40%  | 6,60%  | 6,7%  | 6,8%  | 7,0%  | 16,9% | 18,8% | 19,1% | 20,0% | 21,1% | 21,0% |
| Heilbr.mál       | 0,6%  | 0,6%  | 0,60%  | 0,00%  | 0,0%  | 0,0%  | 0,2%  | 0,2%  | 0,2%  | 0,2%  | 0,2%  | 0,2%  | 0,2%  |
| Fræðslumál       | 57,9% | 61,8% | 61,60% | 57,50% | 55,2% | 57,0% | 57,7% | 50,9% | 47,3% | 44,3% | 43,1% | 48,6% | 47,3% |
| Menn.mál         | 5,5%  | 5,4%  | 5,60%  | 5,60%  | 5,2%  | 5,7%  | 5,1%  | 4,6%  | 4,3%  | 4,2%  | 4,1%  | 4,4%  | 4,0%  |
| Æskul og íþrm    | 12,4% | 12,2% | 12,10% | 11,40% | 11,8% | 11,3% | 11,4% | 9,9%  | 9,5%  | 9,4%  | 9,6%  | 11,0% | 11,7% |
| Brunamál         | 2,4%  | 2,3%  | 2,80%  | 2,60%  | 2,3%  | 2,3%  | 2,5%  | 1,9%  | 1,9%  | 2,0%  | 2,0%  | 2,2%  | 2,2%  |
| Hreinl.mál       | 1,1%  | 1,1%  | 1,30%  | 1,60%  | 1,9%  | 1,7%  | 1,3%  | 1,1%  | 1,1%  | 1,2%  | 1,1%  | 1,0%  | 0,5%  |
| Skipul.mál       | 2,0%  | 2,1%  | 1,90%  | 2,00%  | 1,8%  | 1,7%  | 1,6%  | 1,6%  | 1,7%  | 1,6%  | 1,8%  | 1,5%  | 1,7%  |
| Umf. og samg.mál | 2,8%  | 2,5%  | 2,50%  | 2,50%  | 2,6%  | 2,8%  | 2,8%  | 2,6%  | 2,7%  | 2,6%  | 2,6%  | 3,0%  | 3,2%  |
| Umhv.mál         | 2,4%  | 2,5%  | 2,50%  | 2,40%  | 2,5%  | 2,6%  | 2,7%  | 2,3%  | 2,1%  | 1,9%  | 1,9%  | 2,2%  | 2,4%  |
| Atvinnumál       | 2,1%  | 1,8%  | 2,20%  | 1,90%  | 1,9%  | 2,1%  | 2,3%  | 2,0%  | 2,0%  | 2,2%  | 2,5%  | 2,2%  | 2,1%  |
| Sam.kostnaður    | 8,8%  | 7,7%  | 9,40%  | 8,60%  | 9,2%  | 7,7%  | 8,0%  | 6,3%  | 6,5%  | 6,3%  | 6,4%  | 6,5%  | 6,7%  |

\* Frá og með árinu 2017 hafa tekjur frá Jöfnunarsjóði vegna málefna fatlaðs fólks verið taldar með skatttekjum. Áður voru þessi framlög tekjufærð innan málaflokks 02-félagsmál. Hefur þessi breyting áhrif á allan samanburð þegar verið er að skoða hlutfall rekstrarkostnaðar af skatttekjum.

## Fjárfestingar og framkvæmdir:

Áætlað er að fara í nýframkvæmdir á árinu 2022 fyrir **1.200 m.kr.** Ef dregin eru frá mótframlög frá ýmsum aðilum svo sem að framan segir, nemur nettó fjárhæð til fjárfestinga á árinu 2022 **635 m.kr.** sem er hækkun um 43 m.kr. frá áætlun ársins 2021. Skiptast þær þannig að áætlað er að framkvæmt eða fjárfest verði hjá eignasjóði fyrir **506 m.kr.**, hafnarsjóði fyrir **46 m.kr.**, fráveitu fyrir **9 m.kr.**, vatnsveitu fyrir **25 m.kr.** og hjá hitaveitu fyrir **50 m.kr.** Gert er ráð fyrir sölu eigna að upphæð **73 m.kr.**

| Fjárfestingar og framkvæmdir:            |                |
|--|----------------|
| Eignasjóður                              | 505.500        |
| Fráveita                                 | 9.000          |
| Hitaveita                                | 50.000         |
| Vatnsveita                               | 24.784         |
| Hafnarsjóður                             | 46.000         |
| <b>Fjárfestingar og framkvæmdir alls</b> | <b>635.284</b> |

Auk fyrrgreindra fjárfestinga er gert er ráð fyrir að verja rekstrarmegin um **124 m.kr.** í viðhald eigna Eignasjóðs sem er um 23 m.kr. hærri fjárhæð en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun fyrir árið 2021.

Að lokum er rétt að nefna það að íbúapróun hefur verið sveitarfélaginu haf felld á undanförunum árum og má í þeim efnum geta fréttar á heimasíðu Þjóðskrár Íslands frá 2. desember sl. Þar kemur fram að íbúum sveitarfélagsins hefur fjölgað um 69 undanfarin 2 ár og 117 sé litið til undanfarinna 3 ára. Þótt aðeins hafi hægt á fjölgun á árinu sem nú er að líða bendir eftirspurn eftir lóðum til að enn séu tækifæri til áframhaldandi vaxtar og er það trú mín

að jákvæð íbúáþróun verði áfram beri okkur gæfa til að vinna áfram að skynsamlegri uppbyggingu innviða samfélagsins.

Greinargerð þessi er sett fram til glöggvunar við yfirferð fjárhagsáætlunar. Ég vil í lok hennar færa samstarfsfólki mínu og þá sér í lagi sviðsstjóra fjármála -og stjórnsýslusviðs, ásamt sviðsstjórum, öðrum starfsmönnum, kjörnum fulltrúum, fagnefndum og byggðarráði, auk sveitarstjórnar, kærar þakkir fyrir gott samstarf við þá vinnu sem að baki er, sem hefur lagt grunninn að fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Skagafjarðar næstu árin.

Sauðárkróki 15. desember 2021

Sigfús Ingi Sigfússon,  
sveitarstjóri